



**Varðar: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um mál nr. 276/2018-drög að breytingu á reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.**

Í samráðsgátt stjórnvalda hefur verið birt til umsagnar breyting á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Fram kemur að breytingunum er ætlað að uppfylla fyrirmæli sem fram koma í tilskipun Evrópusambandsins nr. 2014/15/ESB frá 16. apríl 2014. Tilskipunin segir að meta skuli umhverfisáhrif tiltekinna framkvæmda. Alþingi hefur þegar samþykkt breytingar á lögum nr. 106/2000 sem innleiða framangreinda tilskipun (lög nr. 96/2019).

Þegar tillögur um breytingar á fyrrgreindum reglugerðum eru skoðaðar kemur í ljós að í að minnsta kosti einu tilviki í báðum reglugerðum er gengið lengra en lög nr. 96/2019 kveða á um.

Í tilviki reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum er um að ræða 2. mgr. 30. gr:

*Í ákvörðun um leyfi skulu sett fram öll skilyrði Skipulagsstofnunar sem fram koma í álitinu er varða umhverfið, fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir, og ef við á, skilyrði um vöktun.*

Sambærilegan texta er að finna í 2. mgr. 10 gr reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

VFÍ telur þetta afar óheppilegt og leggur til að þessi texti verði felldur út og málinu í heild vísað til starfshóps ráðherra sem vinnur að heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík 15. nóvember 2019.

*Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.*